

Eitt og annað um menntamál

Tenglasafn tengt leik-, grunn- og framhaldsskólastiginu

Menntastefna

Mótun nýrrar menntastefnu til 2030 á vegum menntamálaráðuneytis stendur nú yfir. Markmið nýju menntastefnunnar eru m.a. gæðamenntun fyrir alla og jöfnuður í skólasamfélaginu. Vinnulag við mótun stefnunnar er meðal annars samráðsfundir sem haldnir voru um land allt á árinu 2018. Á árinu 2019 verður unnið úr niðurstöðum samráðsfundanna auk þess sem fleiri fundir, m.a. með ungu fólki, verða haldnir.

[Frétt um samráðsfundina](#)

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 var samþykkt í borgarstjórn í nóvember 2018. Yfirskrift stefnunnar er *Látum draumana rætast* og byggir hún á grunngildum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stefnan var unnin í samráði við stjórnendur, starfsfólk, börn og foreldra auk þess sem ráðgjafarnir Pasi Sahlberg og Andy Hargreaves komu að mótun stefnunnar. Áherslur stefnunnar eru *félagsfærni, heilbrigði, læsi, sköpun og sjálfsefning*.

[Grein Fríðu Bjarneyjar Jónsdóttur](#) um menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Brottfall úr framhaldsskólum

Í desember 2018 var brottfall úr framhaldsskólum rætt á vegum norrænu velferðarnefndarinnar og norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar. Brottfall úr framhaldsskólum er vandamál á öllum Norðurlöndum og er það á bilinu 20-30% við 20 ára aldur. Erfitt getur reynst að ná einstaklingum aftur inn í menntakerfið, ekki síst inn í verk- og starfsnám. Helstu ástæður brottfalls eru persónulegir erfiðleikar eða erfiðleikar í fjölskyldunni, erfiðleikar með nám og félagsleg og efnahagsleg staða nemenda. Aukin andleg vanlíðan ungs fólks er einnig vaxandi þáttur. Helsta niðurstaða fundarins var sú að fyrirbyggjandi aðgerðir reynast best til að sporna við brottfalli þar sem samvinna menntakerfisins og félagslega kerfisins er nauðsynleg.

[Frétt um fundinn af norden.org](#)

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands frá 2016 var brottfall þeirra sem hófu framhaldsskólanám árið 2012 alls 26,4% að fjórum árum liðnum; þar af 23,5% úr almennu bóknámi og 37,5% úr verk- og starfsnámi.

Aðgerðir til að auka nýliðun kennara

Töluvert hefur verið fjallað um kennaraskort í leik- og grunnskólum á undanförunum árum og er þá til tekið að aðsókn í námið hefur dregist saman og nýliðun er hæg, stórir árgangar kennara á leið á eftirlaun á næstu árum og hlutfall réttindalausra við kennslu hefur aukist á ný. Um þessa þróun og ýmislegt annað tengt námsfyrirkomulagi í kennaranámi má lesa í [skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2017](#) um kostnað og skilvirkni kennaramenntunar.

Annað sem bent hefur verið á sem ástæðu kennaraskorts er að þó um 90% útskrifaðra kennaranema hefji kennslu strax að lokinni brautskráningu samkvæmt skýrslu Menntavísindasviðs HÍ frá 2018 ([Afdrif brautskráðra kennara 2014-2016](#)) þá er brottfall úr kennslu mikið og hlutfall menntaðra kennara í landinu sem starfa við önnur störf en kennslu er [allt að helmingur](#).

Frá því skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út hefur aðsókn aukist í kennaranám, bæði við HA og HÍ auk þess sem ýmis verkefni hafa farið í gang til að vekja athygli á náminu og kennarastarfinu.

[Komdu að kenna](#) er verkefni sem Kennó – félag kennaranema stendur að í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Verkefnið á að vekja athygli á störfum kennara og kennaranámi.

Járnskarlar er heiti verkefnis sem miðar að því að fjölga körlum í hópi leikskólakennara á Íslandi. Verkefnið er unnið í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í leikskólum, HA og HÍ með styrk frá Jafnréttissjóði Íslands. Tveir nemar á meistarastigi við HA starfa sem verkefnisstjórar og kynna leikskólastarfið á samfélagsmiðlum og í grunn- og framhaldsskólum. Járnskarlarnir eru t.d. á [Facebook](#) og [Twitter](#).

Reykjavíkurborg hefur sett af stað [starfshópa sem skilað hafa tillögum](#) bæði vegna grunn- og leikskólakennara þar sem horft er sérstaklega á bætt vinnuumhverfi og stuðning við kennara.

Nú síðast kynnti menntamálaráðherra [tillögur um hvernig auka megi aðsókn í kennaranám](#) þar sem t.d. er að finna launað starfsnám, aukna leiðsögn nýliða og sértæka styrki LÍN vegna kennaranema. Búist er við lagafrumvarpi um þetta haustið 2019.

Norska menntamálaráðuneytið greindi nýlega frá því að í kjölfar þess að sett voru á fót undirbúningsnámskeið í stærðfræði árið 2016 hafa 470 umsækjendur um kennaranám fengið inngöngu í námið sem annars hefðu ekki komist að. Kröfur um námsárangur til að fá aðgang að kennaranámi voru hertar í Noregi árið 2016. Allir háskólar sem bjóða kennaramenntun skulu halda slíkt námskeið að sumri sem lýkur með samræmdu prófi. Þetta er liður í að fjölga kennurum í Noregi en einnig var gripið til fjölmargra annarra aðgerða sem lesa má um neðst í [þessari frétt](#).

[Hér](#) má einnig sjá hvað sænska ríkisstjórnin hefur lagt til að gert verði til að fjölga kennurum þar í landi en sænska hagstofan hefur reiknað út að um 65.000 kennara vanti til starfa í Svíþjóð á næstu 6 árum.

Annað nýlegt frá nágrannalöndum

Niðurstöður stærsta rannsóknarverkefnis á sviði leikskólamála í Noregi ([Gode barnehager for barn i Norge](#)) sem birtar voru nú í janúar 2019 sýna að mikill munur getur verið á gæðum leikskólastarfs í Noregi. Leikskólar þar sem færri börn voru á hvern fagmenntaðan leikskólakennara sýndu almennt betri gæði leikskólastarfs en í Noregi eru nú að meðaltali 5 börn á hvern starfsmann samanborið við 11 börn á hvern starfsmann í OECD.

Samkomulag allra þingflokka í Danmörku um [leiðir til að auka aðsókn í verk- og starfsnám](#) þar sem áhersla er á aukna kynningu og verklega áfanga í grunnskólanum, áhugaverðari námsleiðir í verk- og starfsnámi ásamt tengingu við bóknað og aukin gæði í verk- og starfsnámi.

Alþjóðlega PISA rannsóknin á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði var síðast lögð fyrir vorið 2018 og er niðurstaðna að vænta síðar á þessu ári. TIMSS er önnur alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu í stærðfræði og náttúrufræði í 4. og 8. bekk en Ísland hefur ekki tekið þátt í henni síðan 1995 ólíkt Norðurlöndum sem hafa tekið þátt að hluta til eða öllu leyti. Niðurstöður úr PISA 2015 og TIMSS 2015 voru gefnar út í lok árs 2016. [Í þessari skýrslu](#) eru niðurstöður mælinganna skoðaðar fyrir Norðurlöndin með það að markmiði að þær nýtist við opinbera stefnumótun í menntamálum. Sérstaklega má benda á kafla 7 í skýrslunni þar sem munur á árangri nemenda í þéttbýli og dreifbýli á Íslandi og í Finnlandi er skoðaður út frá PISA.

Skýrsla OECD um áherslur í stefnumótun í menntamálum: [Education Policy Outlook 2018 – Putting Student Learning at the Centre](#)

Skýrsla Eurydice um [skólagjöld og námslánakerfi fyrir skólaárið 2018/2019](#)

Rannsókn á vegum OECD um mikilvægi þess að hafa [sameiginlega námskrá milli leikskóla og yngsta stigs grunnskóla](#) til að tryggja samfellu í námsumhverfi barna og stuðla að jákvæðum tengslum þeirra við skólakerfið. Birt 2019.

Á vef Alþingis er hægt að skoða [öll þingmál sem snerta menntamál á einum stað](#) fyrir hvert þing fyrir sig.